

Svör við aðdróttunum í garð Pennans.

Það er ekki hjá því komist að svara þeim aðdróttunum og rangfærslum í garð Pennans sem haldið hefur verið fram í fjölmiðlum undanfarna daga.

Því hefur verið haldið fram að Arion banki, eigandi Pennans, hafi lagt rúman milljarð í reksturinn frá því að bankinn eignaðist félagið í kjölfar gjaldþrots gamla Pennans árið 2009. Þetta er ekki rétt.

Hið rétta er að frá stofnun hefur rekstur Pennans verið jákvæður. Engir peningar frá Arion banka hafa farið í rekstur félagsins. Hins vegar yfirtók Penninn langstærstan hluta skulda þrotabúsins við birgja og þjónustuaðila og lagði Arion banki til nauðsynlegt stofnfé til nýs félags.

Stjórnendum Pennans var mjög umhugað um að gera upp skuldir félagsins við birgja og helstu samstarfsaðila þar sem miklir hagsmunir voru í húfi fyrir alla.

Það er fjarri sanni að Penninn hafi fengið óeðlilega fyrirgreiðslu hjá Arion banka. Hlutfjárukning sem gerð var í september fólst í því að lánum var breytt í hlutafé. Ekkert nýtt fé kom inn í rekstur Pennans.

Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 300 manns á landsvísu sem þjónusta fjölda fyrirtækja og einstaklinga. Þetta er reynslumikið fólk sem vinnur faglega í hvívetna og tekur starfsheiður sinn alvarlega. Það er því óásættanlegt að starfsfólk okkar þurfi að sitja undir ásökunum af hendi keppinauta Pennans þar sem það er sakað um að stunda óheiðarlega viðskiptahætti og óvönduð vinnubrögð.

Penninn er stórt fyrirtæki á sínu sviði. Í því felst ábyrgð og krafa um vönduð og fagleg vinnubrögð sem starfsfólkið leggur metnað sinn í að standa undir. Fyrirtækið vísar því á bug ásökunum um undirboð á markaðnum. Þá er það fjarstæða að Penninn hafi reynt að ná til sín birgjum keppinautanna.

Penninn hafnar því alfarið að vera í „mjúkum faðmi bankans“. Stjórnendur fyrirtækisins hafa staðið frammi fyrir mjög erfiðum ákvörðunum við endurskipulagningu þess. Ákvarðanir sem því miður hafa meðal annars leitt til óhjálvæmlegra uppsagna starfsfólks, minnkunar starfshlutfalls og lækkunar launa.

Ein af þeim hagræðingaraðgerðum sem gripið hefur verið til er að flytja þrjár starfseiningar fyrirtækisins í nýtt húsnæði í Skeifunni. Við það sparast umtalsverðar fjárhæðir.

Það er von okkar hjá Pennanum að þessum tilhæfulausu aðdróttunum og rangfærslum fari að linna og starfsfólk okkar þurfi ekki lengur að sitja undir þessum óréttmætu ásökunum.